

52

10. sept.

AUGLÝSING

um viðskipta- og greiðslusamninga milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Hinn 31. ágúst 1953 voru undirritaðir í Prag viðskipta- og greiðslusamningar milli Íslands og Tékkóslóvakíu, er gilda í eitt ár.

Samkvæmt samningi þessum er gert ráð fyrir, að Íslendingar selji Tékkum fryst fiskflök, frysta síld, saltsíld, gærur og ull, en á móti er gert ráð fyrir kaupum á vefnaðarvörum, gúmmískófatnaði, gleri og glervörum, sildartunnum, sykri, asbesti, byggingarvörum og pappírsvörum.

Áætlað er, að viðskiptin samkv. samningum þessum geti numið allt að 29 millj. kr. á hvora hlið.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánrikisráðuneytið, 10. september 1953.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

53

10. sept.

AUGLÝSING

um viðskipta- og greiðslusamninga milli Íslands og Ungverjalands.

Hinn 6. marz 1953 voru undirritaðir í Budapest viðskipta- og greiðslusamningar milli Íslands og Ungverjalands. Fylgja samningarnir auglýsingu þessari í íslenskri þýðingu, fskj. I og fskj. III, ásamt þýðingu á bréfi, er fylgir viðskipta-samningnum, fskj. II.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánrikisráðuneytið, 10. september 1953.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

Fylgiskjal I.

SAMKOMULAG

um vöruskipti milli lýðveldisins Íslands og ungverska Alþýðulýðveldisins.

Í því skyni að koma reglu á og auka vöruviðskipti milli lýðveldisins Íslands og ungverska Alþýðulýðveldisins hafa fulltrúar ríkisstjórna beggja landanna að loknum samningaumleitunum, sem fram fóru í Budapest dagana 26. febrúar til 6. marz 1953, gert samkomulag það, sem hér fer á eftir:

I.

Hlutaðeigandi stjórnvöld beggja landa skulu veita nauðsynleg útflutnings- og innflutningsleyfi, varðandi vörur þær, sem í hjálögðum vörulistum „A“ (útflutningur frá Íslandi) og „B“ (útflutningur frá Ungverjalandi), greinir, allt að því magni og verðmæti, sem þar greinir.

II.

Magn það og verðmæti, sem í listunum „A“ og „B“ greinir, gilda á tímabili því, sem samkomulag þetta nær til. 10. sept.

53

III.

Báðar ríkisstjórnir skulu með velvild athuga tillögur um hækkun kvóta þeirra, sem í listunum „A“ og „B“ greinir, svo og tillögur um inn- og útflutning vara, sem ekki er getið í vörulistunum.

IV.

Greiðslur þær, sem leiðir af vöruskiptunum, skulu fara fram samkvæmt ákvæðum greiðslusamnings þess, sem undirritaður hefur verið í dag. Greiðslusamningurinn er óaðskiljanlegur hluti þessa samkomulags.

V.

Samkomulag þetta gengur í gildi við staðfestingu beggja ríkisstjórnanna, og gildir frá 1. marz 1953 í eitt ár. Samkomulagið skal samt framkvæmast til bráðabirgða frá 1. marz 1953.

Ríkisstjórnirnar skulu tilkynna hvor annari staðfestingu sína um hendur sendiráða sinna í Prag.

VI.

Nú gera samkomulagsaðiljar enga nýja ákvörðun um gagnkvæm vöruskipti áður en gildistími þessa samkomulags er liðinn, og framlengjast ákvæði þessa samkomulags þá sjálfkrafa um 6 mánaða skeið.

Gert í Budapest í tveim eintökum á þýzku hinn 6. marz 1953.

Fyrir hönd lýðveldisins Íslands
(Pétur Thorsteinsson)

Fyrir hönd ungverska Alþýðulýðveldisins
(György Gerö)

VÖRULISTI „A“

Útflutningur frá Íslandi til Ungverjalands.

	Smálestir
	Magn Verðmæti í 1000 ísl. kr.
1. Ull	P.M.
2. Óverkaðar gærur, skinn og húðir	250
3. Kindagarnir	250
4. Fiskimjöl	300
5. Fiskilýsi, hvallýsi	275
6. Meðalalýsi	25
7. Hraðfryst fiskflök, þar af söltuð sild fyrir allt að 100 000 ísl. kr.	3 800

VÖRULISTI „B“

Útflutningur frá Ungverjalandi til Íslands.

	Verðmæti
	í 1000 ísl. kr.
1. Verkfæri og smávörur úr járn, þar með taldar læsingar, lásar, málmleggingar, naglar og vírnet	500
2. Rafmagnsvörur, þar með taldir varahlutir í útvarpstæki og símataeki	160
3. Ýmsar vélar og tæki, þar með taldar dráttarvélar, hreyflar o. fl. ..	230

53
10. sept.

	Verðmæti í 1000 ísl. kr.
4. Reiðhjól og varahlutir	120
5. Álnavara	1 400
6. Tilbúinn fatnaður, þar með talinn nærfatnaður, þrjónles og vefnaðarvörur	550
7. Smávarningur	230
8. Efnavörur og lyfjavörur	180
9. Jurtaolía	300
10. Ýmsar matvörur, svo sem niðursoðnir ávextir og grænmeti, marmelaði, hunang, kex, deigvörur, paprika, baunir, tómamatauk o. fl. ..	550
11. Vín og brennd vín (einnig vínandi)	70
12. Malt	250
13. Búsáhöld (litlar heimilisvélar, eldhúsvogir, emal-ílát, skjólur, könnur o. fl.)	
14. Ýmsar vörur, svo sem burstar og burstavörur, sápa og snyrtivörur, leðurvörur, sjónglerjavörur, gúmvarningur og gúmskór, skrifstofuvarningur, „Herender“-postulín, glúkose	600

Fylgiskjal II.

FORMAÐUR UNGVERSKU SAMNINGANEFNDARINNAR

Budapest, 6. marz 1953.

Herra formaður,

Ég viðurkenni móttöku bréfs yðar, dags. í dag, sem hljóðar þannig:

„Í samningaviðræðunum dagana 26. febrúar til 6. marz 1953 var gert eftirfarandi samkomulag:

- a. Báðar ríkisstjórnir fallast á, að auk vara sem upprunnar eru í Ungverjalandi eða á Íslandi, megi einnig afhenda vörur frá þriðja landi milli Ungverjaland og Íslands. Hlutaðeigandi stjórnvöld beggja ríkisstjórna skulu með velvild athuga umsóknir um leyfi til slíkra viðskipta. Afreikna skal slík viðskipti yfir ungversk-íslenzka clearingreikninginn.
- b. Einkavöruskipti mega fara fram utan ramma ungversk-íslenzka vöruskiptasamkomulagsins, sem gert var í dag. Umsóknir um leyfi til slíkra afhendinga skulu hlutaðeigandi stjórnvöld athuga með góðvild, jafnvel þó svo standi á, að umræddar vörur komi frá þriðja landi.
- c. Með samþykki íslenzkra stjórnvalda hverju sinni má endurútflytja íslenzk fiskflök frá Ungverjalandi.“

Ég leyfi mér að tilkynna yður, að ég er samþykkur þessu.

Leyfið mér, herra formaður, að votta yður sérstaka virðingu mína.

Virðingarfyllt

(György Gerö)

formaður ungversku samninganefndarinnar.

Hr. Pétur Thorsteinsson, formaður íslenzku samninganefndarinnar.

S A M N I N G U R

um greiðslufyrirkomulag milli lýðveldisins Íslands og ungverska Alþýðulýðveldisins.

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands annars vegar og ríkisstjórn ungverska Alþýðulýðveldisins hins vegar hafa orðið ásattar um það, sem hér fer á eftir, í því skyni að koma reglu á greiðslur milli beggja landanna.

1. gr.

Greiðslur á andvirði vara, sem fluttar eru frá Íslandi til Ungverjalands, svo og greiðslur á andvirði vara, sem fluttar eru til Íslands frá Ungverjalandi, svo og aðrar greiðslur milli landanna, skulu fara fram í íslenskum krónum samkvæmt gildandi ákvæðum íslenzkra og ungverskra gjaldeyrisreglugerða. Greiðslur á báða bóga skulu fara yfir hinn vaxta- og kostnaðarlausu „clearing“-reikning, sem Landsbanki Íslands mun opna á nafni Þjóðbanka Ungverjalands.

2. gr.

Greiðslur, sem samkvæmt 1. gr. eiga að fara yfir „clearing“-reikninginn, auk greiðslna fyrir vöruafhendingar, eru þessar:

- a. Greiðslur á aukakostnaði í sambandi við hin gagnkvæmu vöruviðskipti;
- b. greiðslur fyrir ýmsa þjónustu, ferða- og dvalarkostnað;
- c. greiðslur fyrir farmgjöld á sjó, fljótum og í lofti, ef flutningar fara fram með skipum eða flugvélum annars hvors landsins;
- d. aðrar greiðslur að svo miklu leyti sem um semst milli Landsbanka Íslands og Þjóðbanka Ungverjalands.

3. gr.

Inn- og útborganir á Íslandi og í Ungverjalandi fara fram í eigin mynt hlutaðeigandi lands.

Umreikningur íslenzkrar krónu í forint og forints í íslenzkar krónur, fer fram samkvæmt opinberu gengi ungverska þjóðbankans, sem ákveðið er með tilliti til gullgildis myntanna beggja.

Kröfur, sem tiltekna eru í öðrum myntum en íslenskum krónum eða forint, skal umreikna á grundvelli gullgildis hlutaðeigandi myntar.

4. gr.

Landsbanki Íslands mun greiða samkvæmt greiðslufyrirmælum ungverska þjóðbankans, allt að ísl. kr. 1 500 000.00, einnig þótt sá síðarnefndi eigi ekki næga inneign á „clearing“-reikningnum.

Á sama hátt mun Þjóðbanki Ungverjalands annast forint-greiðslur samkvæmt fyrirmælum Landsbanka Íslands til ungverskra móttakenda að upphæð allt að jafnvirði ísl. kr. 1 500 000.00, einnig þótt eigi sé fyrir hendi næg inneign á „clearing“-reikningnum.

5. gr.

Nú verður yfirdráttur hjá ungverska þjóðbankanum eða Landsbanka Íslands umfram yfirdráttarheimild þá, sem ráð er gert fyrir í 4. gr. þessa sammings, og ber þá þeim banka, sem hinum skuldar, að jafna mismuninn við lok þess mánaðar, sem mismunurinn myndaðist í. Hefur þá sá bankinn, sem skuldar, rétt til að inna greiðsluna af hendi annað hvort með endanlegri eða bráðabirgða yfurfærslu frjáls gjaldeyris, eða með yfurfærslu á öðrum gjaldeyri, sem samkomulag kann að nást um við þann bankann, sem kröfuna á. Slíkar bráðabirgðagreiðslur skulu vera vaxta-

53 lausar, og við endurgreiðslu þeirra skal miða við sama gengi og þegar greiðslan fór 10. sept. fram.

6. gr.

Verði mismunur á „clearing“-reikningnum í hag öðrum hvorum sammingsaðila þegar samningur þessi fellur úr gildi, skal jafna hann innan 6 mánaða með vörum. Verði samt slík krafa eigi greidd með vörum innan 6 mánaða frá því að samningur þessi fellur úr gildi, skal hún greidd í frjálsum gjaldeyri samkvæmt vali þess banka sem kröfuna á, innan eins mánaðar í viðbót.

7. gr.

Hlutaðeigandi bankar skulu koma sér saman um nauðsynlegar tæknilegar ráðstafanir varðandi framkvæmd gagnkvæmra greiðslna. Einkum skulu þeir koma sér saman um fyrirkomulag innborgana og greiðslufyrirmæla, og enn fremur varðandi stofnun bankaábyrgða. Samkomulag er um það, sem meginreglu, að hvað snertir bankaábyrgðir, sem stofnaðar verða á báða bóga, skulu bókanir á „clearing“-reikninginn fyrst fara fram, er útborgun hefur átt sér stað.

8. gr.

Samkomulag þetta er óaðskiljanlegur hluti viðskiptasamkomulags þess, sem undirritað hefur verið í dag. Gengur það í gildi jafn snemma viðskiptasamkomulaginu og gildir jafn lengi.

Budapest, 6. marz 1953.

Fyrir hönd lýðveldisins Íslands

Pétur Thorsteinsson.

Fyrir hönd ungverska Alþýðulýðveldisins

György Gerö.

54

10. sept.

AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Frakklands.

Með erindaskiptum milli Péturs Benediktssonar, sendiherra Íslands í París, og M. de Courcel, f. h. utanríkisráðherra Frakklands, var hinn 5. júní 1953 gert samkomulag um 6 mánaða framlengingu viðskiptasamningsins milli Íslands og Frakklands frá 6. desember 1951, þ. e. til 30. september 1953.

Samkvæmt samkomulagi þessu er heimiluð sala til Frakklands á ofangreindu tímabili á fiski frá Íslandi, nýjum og frystum, fyrir 190 millj. franskra franka, og ýnsum öðrum vörum, svo sem laxi og silungi, nýjum og frystum, fiskniðursuðu og frystum hrognum fyrir 35 millj. franskra franka.

Af þeirri 35 millj. franka upphæð er 20 millj. franka kvóti fyrir sjálft Frakkland, 10 millj. franka kvóti fyrir Norður-Afríku og 5 millj. franka kvóti fyrir aðrar nýlendur Frakka.

Ríkisstjórn Íslands á samkv. samkomulaginu að leitast við að halda jafnvægi í viðskiptum Íslands og Frakklands, og á sérstaklega að taka til velviljaðrar athugunar beiðnir um innflutningsleyfi fyrir vínun og brenndum drykkjum frá Frakklandi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. september 1953.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.